

Fundagerð 92. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 30. apríl 2015 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Gylfi Ingvarsson, Samúel Ingvason, Andrés Bjarnason, Guðmundur Sigurvinsson, Jón Jóhannsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Gunnar S. Gunnarsson og Sævar Örn Kristjánsson.

Fjarverandi: Guðmundur Helgi Þórarinnsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 91
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Stefna Helga Laxdal gegn VM lögð fram 9. apríl 2015.
4. Verkfallssjóður
5. Kostnaður vegna fyrirhugaðra aðgerða.
6. Mönnunarnefnd skipa
7. Málefni sjúkrasjóða stéttarféлага
8. Tíu ára afmæli VM
9. Lagt fram til upplýsingar
10. Önnur mál

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 91. Samþykkt

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Gengið var frá kjarasamningi við Verner vegna vélfræðinga.
- Viðræður við Málm. Málmur hefur stækkað hóp þeirra fyrirtækja sem koma að viðræðum. Aðferðin sem rætt er um er almennar hækkanir taxta en ekki útfærslu á fimmta kafla samningsins, sem er um vinnustaðasamninga. Munum skoða aðferðarfræði áfram út frá virkum vinnutíma, án þess að setja inn tölur.
- Samstarf við fréttaráðgjafa gengur vel. Hann gerir heimasíðuna líflegri og vinnur með okkur fréttir af gangi viðræðna.
- Kjaraviðræður við ÍSAL ganga illa. Ráðinn sem ráðgjafi í viðræðunum því trúnaðarmenn ekki eru virkir.
- Lítið atvinnuleysi er hjá félagsmönnum VM í atvinnuleit eru 46 félagsmenn.
- SFS hefur greitt kostnað VM vegna ferða við úttektir á skipum og ferð til Noregs. Ráðuneytið greiddi ekki.
- Sjómannadagsráð. Stjórn segist ætla að hefja vinnu við stefnumótun. Hafa boðað fundi á tímum sem ráðsmenn eiga erfitt með að mæta. Vilji a.m.k. hluta ráðsins til að vinna að stefnumótun er til málamynda. Vilja ekki breyta neinu.
- Unnið er að tveim umsagnir um lagafrumvörð. Frumvarp um veiðigjöld og Makríl. Þ.e. frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012 (veiðigjald 2015–2018) og frumvarp til

laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl. Stuttur tími var gefin til umsagna. En þau vinnubrögð eru ekki ný.

- Kaupmáttur launa. Útreikningar Landsbanka á kaupmætti launa eftir starfsstéttum sýnir að iðnaðarmenn hafa setið eftir því þróun kaupmáttar þeirra er með því minnsta.
- Nemendur Vélskólans
- Sjúkrasjóður aðgerðir.

3. Stefna gegn VM lögð fram 9. apríl 2015.

Gögnin aðgengileg stjórnarmönnum á svæði stjórnar. Stefnan byggir á því að lagabreytingar hafi ekki verið auglýstar rétt og ekki staðið rétt að atkvæðagreiðslunni. Í vinnu við sameiningu FJ og vsfí kom fram vilji margra um að í framtíðinni yrði Akkur tengdari VM. Einungis nafni sjóðsins var breytt en úthlutunarreglum var ekki breytt. Hagsmunir stefnanda í málinu því óljósir.

4. Verkfallssjóður

Viðræður við SA. Á fundi 29. apríl var viðræðum ekki slitið, eins og almennt var gert ráð fyrir. SA kom á óvart með að lýsa yfir vilja til að vinna áfram að hugmyndum um launakerfi sem gæti leitt til framleiðniaukningu.

Aðgerðarhópur iðnaðarmanna hefur formað útfærslu á sameiginlegum aðgerðum og samræmdum reglum um greiðslur úr vinnudeilusjóðum.

Umræður um hvernig standa beri að aðgerðum.

5. Kostnaður vegna fyrirhugaðra aðgerða.

Kostnaðaráætlun vegna kynningarmála við aðgerðir iðnaðarmanna er áætlaður um 12 milljónir sem skiptist á félögin. Í fjárhagsáætlun VM var gert ráð fyrir kostnaði vegna aðgerða. Óskað var eftir sveigjanleika til að greiða tilfallandi kostnað.

6. Mönnunarnefnd skipa

Drög að skilyrðum fyrir fráviki á mönnun skipa hafa þróast. Teljum mikilvægt að við höfum komið í reglurnar forsendum um að útgerðarmenn gefi upp áætlaðan heildarfjölda í áhöfn. Lög kveða einungis á um fjölda stýrimanna og vélstjóra. Með upplýsingum um fjölda í áhöfn getur mönnunarnefnd takið afstöðu til þess hvort mönnun skipsins í heild sé þannig að öryggi skipsins verði ekki stefnt í voða og reglur um hvíldartíma haldnar.

7. Málefni sjúkrasjóða stéttarfélaga

Greiðslur úr sjúkrasjóði hafa aukist mun meira en áætlanir gerðu ráð fyrir þegar unnið var að breytingum á reglum sjóðsins. Stjórn sjóðsins þarf að fara yfir málin og hugsanlega endurskoða úthlutunarreglur. Von er á nýrri reglugerð ASÍ um sjúkrasjóði.

8. Tíu ára afmæli VM

VM 10 ára á næsta ári. Huga þarf að hátíðahöldum. Ráðstefna áætluð á seinnihluta næsta árs verður tengd afmælinu. Huga þarf að fleiri atburðum. Tillaga um fjölskylduhátíð á Laugarvatni. Stjórn þarf að huga að þessu tímanlega.

9. Lagt fram til upplýsingar

Fréttatilkynning frá NMF. Hélt ráðstefnu um menntun og siglingar.

Bréf um að styrkja VMA um 100.þúsund sem til kaupa á tækjum.

Ráðstefna um hugmyndir VM um launakerfi

10. Önnur mál

Málefni Iðnskólans í Hafnarfirði. Færa á skólann undir Tækniskólann. Mikið ósáttætti er um hvernig staðið er að málinu. Málið ekkert rætt og lítið um upplýsingar til annarra en starfsfólks stuttu áður en breytingarnar voru tilkynntar opinberlega. Spurning hvort VM eigi að senda frá sér yfirlýsingu með athugasemdum um hvernig staðið er að málinu.

100 ára afmæli vélstjórnarmenntunar. Hvort VM ætli að styrkja skólann til tækjakaupa

Fundi slitið kl. 12:55